



Selfossi, 29. október 2021

Kæru forráðamenn

Þetta er búin að vera fjörug vika í Stekkjaskóla. Bangsadiskóið vakti mikla lukku og hrekkjavakan var ekki síðri, mjög margir voru í geggjuðum búningum. Áformsbækurnar eru farnar heim og vonandi líst ykkur vel á þær. Framundan er starfsdagur og foreldradagur og þessa daga er opið í frístund fyrir þá nemendur sem þá eru skráðir.

Mánudagur 1. nóvember - starfsdagur

Næstkomandi mánudagur er starfsdagur og þá eru starfsmenn í ýmsum undirbúningi og umsjónarkennarar að undirbúa foreldraviðtöl. Einhver foreldraviðtöl eru jafnframt þennan dag eftir hádegi.

Þriðjudagur 2. nóvember - foreldradagur

Á þriðjudaginn er foreldradagur þar sem umsjónarkennarar hitta nemendur ásamt forráðamönnum. Viðtölin fara fram í Bifröst hjá 1. EIK og í Fjölheimum Tryggvagötu 23 (Gamla Sandvíkurskóla) hjá 2.-3. ES og 4. IM. Í Fjölheimum er gengið inn um aðaldyrnar og farið inn ganginn til hægri á sama gangi og heimilisfræðistofan er.

Viðtölin verða í eftirfarandi rýmum

- 1. EIK verður í Bifröst og nota tónlistarherbergið, Flækjukot og Betri stofuna fyrir viðtölin.
- 2. ES verður í stofu 105 (Selvogur)
- 3. ES verður í stofu 107 (Þórsmörk)
- 4. IM verður í stofu 106 (Skálholt)



Bifröst, Tryggvagötu 23b



Fjölheimar, Tryggvagötu 13

Covid-19 - grímuskylda forráðamanna

Þó svo að nú sé búið að aflétta flestum sóttvarnartakmörkunum sem hafa áhrif á skólastarf er því miður talsvert um smit þessa dagana hér í Árborg og víðar.

Við viljum því brýna fyrir foreldrum að gæta að öllum sóttvörnum eftir því sem kostur er og ef minnsti grunur leikur á smiti eða að einkenna verður vart, að senda börn ekki í skólann heldur fara í sýnatöku.

Vegna þrengsla í anddyri skólans biðjum við forráðamenn að vera með grímur næstu daga þegar þeir koma inn í skólann. Þetta á bæði við um skóla- og frístundastarfið hjá okkur.

Heimasíða Stekkjaskóla

Á heimasíðu skólans, <http://stekkjaskoli.is> eru ýmsar fréttir úr skólastarfinu og hvetjum við forráðamenn að skoða hana reglulega.

Með kærri kveðju og góða helgi,

*Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu*